**Ed.** **243. Breytingartillögur** [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

1. 4. gr. orðist svo:

   Ný mgr. 49. gr. hljóði svo:

   Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætlar Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður:

   3. Lög þessi skal endurskoða fyrir árslok 1978.